

# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

---

## Fréttir og félagsmál

---

Brautin uppávið er óendanleg. Og undirstöðulögmál er það, að því meiri fullkomnun, sem náð hefur verið, því fremur verður við hana bætt.

*Helgi Pjeturss.*



---

Útgefandi: Félag Nýalssinna.  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:  
Ingvar Agnarsson.

# Kúlulaga stjörnuþyrpingin M-13 í Herkúlesi

(Sjá forsíðumynd)

Einhver fegurstu fyrirbæri himinsins eru kúlulaga stjörnuþyrpingar þær, sem ganga umhverfis vetrarbrautina. Fundist hafa um 120 slíkar stjörnuþyrpingar. Mjög fáar eru sjáanlegar berum augum.

Kúlupyrpingin í stjörnumerkinu Herkúlesi sést greinilega með berum augum, en margfalt betur með litlum sjónauka, og er vel þess vert að gefa henni gaum á heiðskírurum kvöldum. Talið er, að í þessari kúlupyrpingu séu um 500 þúsund sólar, og fjarlægðin þangað frá okkar sólhverfi er um 34 þúsund ljósár. Þvermál þessa sólnahóps er um 30 ljósár.

Álitið er að kúlulaga stjörnuþyrpingar, séu eldri en meginhluti stjarna í vetrarbrautinni, og í þeim finnast hvorki svartar eða ljómandi geimþokur, sem svo mikið er um annarsstaðar í vetrarbrautinni.

Í kúlulaga stjörnuþyrpingum standa sólar ákaflega þétt, einkum nálægt miðju þeirra. Fjarlægðir milli sólna eru þar miklu styttri en víðast hvar annarsstaðar í vetrarbrautinni.

Þau mannkyn, sem heima eiga á reikistjörnum slíkra stjörnuþyrpinga, hljóta að hafa fyrir augum miklu fegurri og bjartari stjörnuhimin, en getur að líta frá okkar jörðu. Gera má og ráð fyrir að mörg séu þau mannkyn miklu lengra komin að þroska og mætti og góðvild, en okkar mannkyn, enda þróunartími þeirra stjarna orðinn mun lengri.

Samkvæmt kenningum dr. Helga Pjeturss, stafa flestir draumar okkar af sambandi við íbúa annarra stjarna. Oft kemur fyrir að menn dreymi stjörnuhimin, þar sem stjörnur eru þéttari og bjartari, en héðan af jörð er að sjá. Ekki er óhugsandi, að slíkir draumar eigi rót sína að rekja til sambands við einhvern íbúa í kúlulaga stjörnuþyrpingu, þar sem fegurð stjörnuhiminsins tekur langt fram því, sem við jarðarbúar eigum kost á að sjá.

*Ingvar Agnarsson.*

# Fréttir af félagsstarfi

## Félagsfundur 4. maí 1977

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 4. maí 1977, og hófst kl. 21,00.

Formaður félagsins, Kjartan Norðdahl, setti fundinn og bað Atla Hraunfjörð að vera fundarstjóra og Ingvar Agnarsson að vera fundarritara.

Fundarstjóri las dagskrá fundarins svohljóðandi:

1. Inntaka nýrra félaga.
2. Fundargerð síðasta félagsfundar.
3. Skýrsla húskaupanevndar: Gunnar Grímsson.
4. Tímaritsútgáfa: Ingvar Agnarsson.
5. Erindi: Gestir úr geimnum, Skuggamyndir: Ingvar Agnarsson.
6. Kvikmynd um undralækningar á Filipseyjum: Kjartan Norðdahl.
7. Ryksugukaup.
8. Önnur mál.

Síðan las hann upp nöfn nokkurra manna, sem sótt hafa um inngöngu í félagið:

Karl Schiöth, Brekkugerði 17, Rvík.; Ingvi Ágústsson, Stangarholti 28, Rvík.; Anna K. Kjartansdóttir, Stangarholti 28, Rvík. og Pétur Kúld Eysteinnsson, Svalbarði 10, Hafnarfirði.

Voru þeir samþykktir af fundarmönnum, sem nýir félagar.

*Ingvar Agnarsson* las fundargerð síðasta fundar, og eftir fáeinar athugasemdir, sem fundarritari leiðrétti, var hún samþykkt.

*Gunnar Grímsson*, gjaldkeri félagsins, ræddi um framgang húskaupamálsins til þessa tíma. Gunnar sagði frá því, að húskaupanevnd hefði fest kaup á húsinu Njálsgötu 40, þann 28. apríl. Kaupverðið er kr. 9.000.000,00. Kr. ein milljón hefur þegar verið greitt, en kr. tvær milljónir til viðbótar verða að greiðast á þessu ári. Gunnar sagði, að áhugamannahópur innan félagsins teldi að félaginu væri þetta kleift. „En nú þarf að standa við gerða samninga, og reyna að greiða þær afborganir, sem ákveðnar hafa verið, og er óskandi, að sem flestir bregðist vel við, og verði með en ekki móti, framkvæmd þessa viðfangsefnis.“

Talsverðar umræður urðu um þessi mál og tóku eftirfarandi til máls: Þorsteinn Guðjónsson, Guðmundur á Kópsvatni, Kristín Sigurðardóttir, Benedikt Björnsson, Sigríður Jónsdóttir og Kjartan Norðdahl.

Helgi Guðlaugsson skýrði frá því að húskaupasamningurinn hefði verið gerður með þeim fyrirvara, að stjórn Félags Nýalssinna væri þessu samþykkt. Væri jafnvel ennþá hægt að rifta þessum kaupum, ef félaginu þætti ástæða til.

Pétur Ólafsson óskaði félaginu til hamingju með þessi kaup, og spáði því, að með þessum kaupum mundi skapast skilyrði og hvatning til aukinnar og bættrar miðilsstarfsemi og til annarrar starfsemi.

*Útgáfa tímaritsins Lífgeislar og Félagsblaðs Nýalssinna.* Ingvar ræddi um kostnað af útgáfunni og þær tekjur, sem komið hafa inn.

Ingvar bar aftur fram tilboð sitt, að halda áfram útgáfunni til næsta aðalfundar. Var því vel tekið og samþykkt með lófataki.

*Ryksuga.* Kjartan rakti þá söfnun, sem farið hefur fram undan-farið, til að festa kaup á ryksugu. Hefur það gengið allvel og safnast hafa kr. 38.000,—. Vantar þá enn um kr. 20.000,—, til þess að fullri upphæð sé náð.

En til þess að ekki yrði lengri bið á að eignast þetta nauðsynlega áhald, hefur ryksuga nú verið keypt, og hefur úr félagssjóði verið tekið það fé, sem á vantaði.

*Erindi og skuggamyndir.* Næst flutti Ingvar Agnarsson erindi er hann nefndi: „*Gestir úr geimnum*“, og fjallaði það að nokkru um geislun stjarna, stjörnuhröp, vígahnetti og loftsteinagíga á yfir-borði jarðar; og að nokkru um lífgeisla, sem hingað berast frá íbúum annarra stjarna og um framkomu líkamninga hér á jörðu, sem stundum á sér stað.

Á eftir sýndi hann 17 skuggamyndir um hliðstæð efni.

*Kvikmynd um undralækningar á Filipseyjum.* Þessu næst sýndi Kjartan Norðdahl kvikmynd um undralækningar á Filipseyjum, þar sem lýst var furðulegum lækningum hins kunna undralæknis Antanio Agpaoa. Samtímis sýningu kvikmyndarinnar útskýrði Kjartan hin ýmsu atriði hennar, og las kafla úr bók, þar sem á greinargóðan hátt er skýrt frá nokkrum æviatriðum þessa sérstæða manns.

Umræðum um önnur mál var sleppt vegna tímaskorts.

Fundi slitið kl. 23,25.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Félagsfundur 1. júní 1977

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna að Álfrólsvogi 121 í Kópavogi, miðvikudaginn 1. júní 1977, og hófst hann kl. 21,00. Mættir var 21 maður.

Formaður félagsins, Kjartan Norðdahl setti fundinn, og bað Atla Hraunfjörð að vera fundarstjóra og Ingvar Agnarsson að vera fundarritara.

Formaður gat þess að Sigurður Guðmundsson væri nýlátinn. Minntist hann Sigurðar með nokkrum orðum, starfa hans í þágu félagsins og málefnisins, og bað fundarmenn að rísa úr sætum í minningu hans.

*Pétur Gíslason* færði félaginu að gjöf 5 rit fornsagna, útgefin af Hinu íslenska fornritafélagi. Fylgdi hann gjöf þessari úr hlaði með nokkrum orðum. Formaður þakkaði *Pétrí* gjöf þessa og var honum þakkað með almennu lófataki.

Fundarstjóri las upp dagskrá fundarins:

1. Inntaka nýrra félaga.
2. Lesin fundargerð síðasta félagsfundar.
3. Nútíma draugasaga. Erindi Kj. N.
4. Almenn félagsmál. Helgi Guðlaugsson um húsa kaup o. fl.
5. Önnur mál.

Ein umsókn um inngöngu í félagið lá fyrir fundinum:

*Gréta Ölundardóttir, Kleppsvegi 26, Reykjavík.*

Var hún samþykkt einróma af fundargestum.

*Ingvar Agnarsson* las fundargerð síðasta fundar, 4. maí 1977, og var hún samþykkt án athugasemda.

*Erindi Kjartans Norðdabls, Nútíma draugasaga.* Kjartan flutti erindi, sem fjallar um draugagang í flugvélum. Skýrði hann frá erlendum bókum, sem fjalla um þessi mál, og sem Kjartan hefur kynnt sér. Frásagnirnar skýra frá líkamningum, sem sést hafa í flugvélum, og það jafnvel þótt þar væri um fjölda farþega að ræða. Í flestum tilvikum hurfu þeir aftur skyndilega að mörgum ásjáandi. Var frásögn Kjartans af atburðum þessum hin athyglisverðasta.

Á eftir erindinu urðu margir til að bera fram spurningar, og varð Kjartan fyrir svörum.

*Gunnar Grímsson* tók til máls og ræddi um hugsanlegar skýringar. Hann minntist á bók Tryggva Emilssonar: *Fátækt fólk*, þar sem m. a. segir frá atburði í sambandi við dýr og gerðist þetta á

árunum 1915—1916. Tryggvi er sendur frá Gilá, heimili sínu með sleða yfir Öxnadalsheiði og kemur að Fremri-Kotum. Fer svo til baka, og þegar hann er kominn fram hjá Giljareitum, skellur á stórhrið, svo að hann veit ekki, hvar hann er staddur, en þó heldur hann áfram. Kemur hann loks niður að Bakkaseli, og kannast hann þá við sig. Hann legst fyrir í skafli. Nú er að segja frá því er gerðist heima á Gilá, þar er tók ein, sem Drífa heitir. Hún er óróleg og ryðst út í hriðina, þegar loka á bænum. Hún finnur drenginn í skaffinum og sleikir andlit hans, og fylgir honum síðan heim til sín, heim að Gilá. Gunnar útskýrði þessa merkilegu sögu, samkvæmt nýölskum skilningi.

*Magnús Norðdahl* sagði aðra sögu hliðstæða um hund í sveit, sem varð til að hjálpa dreng í blindþoku.

*Almenn félagsmál.* Helgi Guðlaugsson rifjaði upp húsakaup félagsins, á Njálsgötu 40, og mælti á þessa leið:

Húsnæðismálasjóður á nú um kr. 240.000,00.

En sókn er hafin um frekari fjárframlög. 300.000 kr. loforð hafa borist upp í greiðslur þessa árs og um 350 þúsund upp í greiðslur næsta árs. Þá vantar um 1,5 milljón krónur. En vonandi er að skriður komist á þessa söfnun, svo að unnt verði að standa við allar greiðslur.

Ekki verður hjá því komist að leggja í kostnað við standsetningu hússins. Áætlað er að viðgerðarkostnaður, verði ekki undir tveimur millj. kr. E. t. v. mætti verja 1 milljón í viðgerðir á þessu ári, svo unnt verði að taka húsið í notkun sem fyrst, en svo að ljúka viðgerðum á næsta ári. Eina úrræðið til fjáröflunar er að félagsmenn leggi þessu máli lið, svo sem þarf. Komið hefur og til tals að taka lán í lánastofnunum, og enn hefur komið til tals, að selja hluta úr landi félagsins í Laugardal.

Þá er óhjákvæmilegt að kaupa innbú í húsið, og mun það kosta talsvert fé.

Lánsmöguleikar eru litlir út á húsið Njálsgötu 40, því á því hvílir þegar nokkurt lán. En vafalaust mundi vera unnt að fá lán út á þetta hús hér, að Álfrólsvægi 121.

Jarðarparturinn í Laugardal mundi koma best að gagni með því að selja mestan hluta landsins, og festa það fé, sem fyrir það fengist, í húsakaupum á höfuðborgarsvæðinu. Nú ríður á, að vel sé við brugðist og að hver maður geri skyldu sína.

Steingerður Þorsteinsdóttir minntist á dreifibréf, sem sent hefði

verið ýmsum félagsmönnum. Hverjum var sent þetta bréf og hverjir undirrituðu það?

Pétur Hermannsson spurði: Hvaða starfsemi á að fara fram í þessu húsi?

Helgi varð fyrir svörum. Best væri að sem flestir, hver og einn, sendu húskaupanefnd álit sitt á því, hvað í húsinu skuli fara fram.

Við lítum á þetta nýja hús sem áfanga, en síðar er lokamarkið miklu stærra. Dreifibréfið var aðeins sent þeim, sem við töldum að áhuga hefðu á húsa kaupum.

Þorsteinn G.: Á hverju byggir Helgi það, að ég sé andvígur þessum húsa kaupum, svo að ekki mátti senda mér bréf, eins og öðrum?

Helgi kvaðst ekki vilja svara þessu. Hann hefði lokið sinni greinargerð.

Þorsteinn Guðjónsson tók enn til máls og deildi nokkuð á framkvæmd þessa húskaupamáls og hvernig staðið væri að þessari fjársöfnun, en kvað allt gott um það að segja, að áhugamannaþópur skuli standa að þessum málum.

Gunnar Grímsson svaraði fyrirspurn Þorsteins. Þetta bréf var ekki sent öllum, t. d. ekki Þorsteini Guðjónssyni, því okkur fannst á fundi í vetur, að hann væri ekki fylgjandi húskaupum.

Þorsteinn lýsti því yfir, að hann hefði aldrei verið mótfallinn húskaupum, en hinsvegar ekki verið samþykkur þeim aðferðum, sem ætlunin hefði verið að beita í því skyni.

Gunnar Grímsson bar fram svohljóðandi tillögu:

„Fundurinn heimilar gjaldkera að greiða úr félagssjóði F. N. til bráðabirgða, það sem á kann að skorta, til greiðslu næstu afborgunar af Njálsgötu 40, 15. júní n.k.

*Gunnar Grímsson.*“

Tillagan var borin undir atkvæði og voru 12 með, en 1 á móti.

Enn urðu umræður um húsa kaupin og tóku þessir til máls: Benedikt Björnsson, Þorsteinn Guðjónsson, Pétur Hermannsson, Gunnar Grímsson og Hrafnhildur Norðdahl.

Pétur Gíslason tók til máls, og mælti á þessa leið: Þið þurfið ekki að senda bréf til okkar, sem erum á móti þessu. Þetta er bara húsa brask og engan veginn í anda Helga Þjeturss. Svo er um fleira í þessu félagi. Menn verða hér að greiða fé fyrirfram til að mega ganga í Félag Nýalssinna. Þetta er ekki rétt stefna. Þetta er braskstefna. Stefna félagsins ætti að vera náttúrufræðileg, og að

fá vísindamenn til að starfa að þessum málum. Þetta á ekki að vera þröngt félag, heldur opið.

Fundarstjóri las eftirfarandi tillögu frá Hrafnhildi Norðdahl:  
„Almennur félagsfundur í Félagi Nýalssinna, haldinn 1. júní 1977, lýsir yfir samþykki sínu á kaupum félagsins á húseigninni Njálsgötu 40, og hvetur félagsmenn til að sýna samstöðu um fjáröflun þar að lútandi í trausti þess, að húsnæði þetta geti orðið vettvangur fyrir auknu félagsstarfi og þáttur í kynningu á mállefnum þess. *Hrafnhildur Norðdahl.*“

Þessi tillaga var samþykkt með 10 atkvæðum gegn einu.

*Ingvar* bar fram þá fyrirspurn, hvort húsið væri nægilega vel staðsett til þess, að verða miðstöð fyrir kynningu á málefnum félagsins í Reykjavík.

*Benedikt* varð fyrir svörum á þessa leið: „Ég álit, að í þessu húsi og á þessum stað sé ýmislegt hægt að gera til framdráttar þessu málefni, ef vel er á málum haldið.“

*Steingerður*: Lóðin hér á Álfhólsvégi 121 er enn ekki í nógu góðu standi. Verður hægt að gera hér lagfæringar, áður en á löngu líður?

*Kjartan Norðdahl* svaraði og hvatti til að einhverjir félagsmenn tækju að sér að lagfæra lóðina í sjálfboðaliðsvinnu.

Þétur Hermannsson spurði *Kjartan*, hvort hann vildi beita sér fyrir slíkri vinnu.

Fundarstjóri bar enn fram eftirfarandi tillögu:

„Félagsfundur í F. N. 1. júní 1977, samþykkir, að kosin skuli 7 manna framkvæmdastjórn, kölluð „Húsnefnd“, til að annast rekstur og stjórn hins nýja húsnæðis félagsins að Njálsgötu 40, Reykjavík.

*Kjartan Norðdahl.*“

Þessi tillaga var samþykkt með 11 atkvæðum gegn einu.

Síðan komu fram uppstungur um fólk í framkvæmdastjórn vegna húsakaupanna og varð þetta fólk fyrir valinu:

Benedikt Björnsson, Atli Hraunfjörð, Hrafnhildur Norðdahl, Sigurður Benediktsson, Helgi Guðlaugsson, Gunnar Grímsson og Sigríður Jónsson.

Fundarstjóri bar enn fram tillögu svohljóðandi:

„Félagsfundur Félags Nýalssinna, haldinn 1. júní '77, felur stjórn félagsins að leita eftir kauptilboðum í landareign félagsins í Laugardal, alla eignina eða ein-



hvern hluta hennar. Öll tilboð, sem kunna að fást, skulu lögð fyrir félagsfund til endanlegrar afgreiðslu.

*Benedikt Björnsson.*“

Þorsteinn Guðjónsson lagði til að þessari tillögu verði frestað til næsta fundar, og að á þeim fundi verði kosin nefnd til að kanna á hvern hátt sala skuli gerast.

Gunnar Grímsson kvaðst ekki vera á móti því að samþykkt þessarar tillögu yrði frestað þar til í byrjun júlí.

Aðrir sem tóku til máls, voru: Kjartan Norðdahl, Benedikt Björnsson, Kjartan Norðdahl og Helgi Guðlaugsson.

Tillagan var síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 9 atkvæðum gegn þremur.

Hrafnhildur spurði, hvort ekki mætti kaupa langferðabíl, til ferðalaga fyrir félagsmenn.

Ingvar gerði fyrirspurn til húskaupanefndar: Ef veðsetja þarf húsið hér, verður þá ekki að leita samþykkis félagsfundar fyrir slíkri veðsetningu?

Gunnar Grímsson svaraði og taldi slíka samþykkt æskilega eða sjálfsagða.

*Önnur mál.* Kjartan Norðdahl las upp grein úr Morgunblaðinu eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur, um félagsstörf almennt, og er þar talað um að forsvarsmönnum félaga sé yfirleitt falið allt, sem gera þurfi. Fundarsókn er víðast mjög léleg. Það er því víðar, en í Félagi Nýalssinna, sem almennur áhugi er lítill á félagsmálum.

Kjartan Norðdahl bar fram svofellda yfirlýsingu:

„Ég ætla að lýsa yfir vanþóknun minni á því, að fundarmenn yfirgefi fundinn, áður en honum er lokið, án þess að gera neina grein fyrir brottför sinni.

*Kjartan Norðdahl.*“

Magnús Norðdahl tók til máls og kvaðst vilja lesa upp stutta grein úr dagblaði. Las hann síðan greinina: „*Hvernig Kúljan varð Nóbelisti*“, sem birtist í Dagblaðinu fyrir skömmu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11,40.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Félagsfundur 6. júlí 1977

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna að Álfrólsvogi 121 í Kópavogi, miðvikudaginn 6. júlí 1977, og hófst hann kl. 21,00. Fundinn sóttu 21.

Formaður setti fundinn og var fundarstjóri, en Ingvar Agnarsson fundarritari.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Inntaka nýrra félaga.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Frjálsar umræður um húskaupamál.
4. Önnur mál.

Formaður, Kjartan Norðdahl, setti fundinn og var sjálfur fundarstjóri, en bað Ingvar Agnarsson að vera fundarritara.

Ritari las fundargerð síðasta fundar (þann 1. júní) og leitaði fundarstjóri eftir athugasemdum, eins og venja er. Hrafnhildur Norðdahl taldi að ekki kæmu nægilega ljóst fram, í fundargerðinni, umræður þær er urðu eftir upplestur Magnúsar Norðdahls á greininni: „Hvernig Kiljan varð nóbelisti“, en sú grein birtist í Dagblaðinu. Hrafnhildur óskaði eftir, að þess væri getið, að undirskrift greinarinnar hafi verið *Helga óléttu*. Hún óskaði ennfremur eftir að fram kæmi í fundargerð, að hún hafi á fundinum 1. júní, látið í ljós það álit sitt, að Þorsteinn Guðjónsson væri höfundur greinarinnar. Einnig að fram kæmi, að Ingvar Agnarsson hafi talið greinina vel skrifaða að sínu mati. Einnig skyldi bóka, að Magnús Norðdahl hafi látið í ljós vanþóknun sína á efni greinarinnar og að hann hafi látið í ljós þá skoðun að Nýalssinni væri höfundur hennar.

Að þessum athugasemdum bókuðum, var fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

*Frjálsar umræður um húskaupamál:*

Helgi Guðlaugsson tók til máls:

Húsið mun verða afhent um næstu helgi. Þann 15. júní var greitt 1 millj. kr. upp í húsið.

Næst þarf að lagfæra húsið svo að þar geti hafist einhver starfsemi.

Fjársöfnun hefur gengið dræmt. Innan við 20 manns hafa lagt þessu máli lið. Gæti því svo farið að leggja yrði upp laupana og selja húsið, ef ekki fengist nægilegt fé. Þann 29. júní á húsnefndar-

fundi voru lögð drög að notkun á húsinu, og fylgir hér greinargerð um þær tillögur:

*Nýting hússins Njálsgötu 40:*

Í viðbyggingu verði almenn skrifstofa, sala bóka og rita og önnur kynning. Viðtalstímar á vissum dögum.

Á aðalhæð hússins verði:

- 1) Herbergi fyrir stjórnarfundi og nefndafundi. Í sama herbergi verði bókasafn og einnig reynt að hafa þar aðstöðu til lesturs og ritstarfa á vissum tímum.
- 2) Herbergi fyrir miðilsfundi sérhópa.
- 3) Herbergi fyrir lækningatilraunir eingöngu.
- 4) Gestaherbergi fyrir félagsmenn utan af landi.

Í risi verði samkomusalur og eldhús. Þar verði skilyrði til þess að félagsmenn geti komið saman, ásamt gestum sínum, til óformlegra viðræðna um áhugamál sín og fengið keyptar veitingar. Einnig er líklegt að þegar fram liðu stundir verði reynt að hafa þarna fræðslu- og skemmtisamkomur, ýmist fyrir félagsmenn eina eða bæði fyrir félagsmenn og aðra. Á öllum eða flestum slíkum samkomum verði veitingar á boðstólum.

Í kjallara verði snyrtiherbergi, fatageymslur og aðrar geymslur.

Augljóst er að talsvert þarf að kosta upp á húsið, bæði að utan og innan. Urðu þær viðgerðir að fara fram í áföngum. T. d. þarf áreiðanlega að setja vatnsvörn á þak hússins.

Helgi giskaði á að byrjunarkostnaður yrði a. m. k. um 500 þús. krónur. Og til þess, að það yrði mögulegt, þyrftu félagsmenn að bregðast drengilega við. Síðar mundi verða mögulegt, að fá lán í banka. Loforð um fjárframlög þyrftu að berast húskaupanefnd sem fyrst.

Ýmsir komu með uppástungur um, hvernig hægt yrði að lagfæra húsið, t. d. hvort ekki væri hentugt að klæða húsið að utan með plastþynnum eða þá með bárujárni. Upplýst var, að bárujárnsklæðning mundi verða mun ódýrari klæðning en plast.

Fyrirspurnir voru bornar fram um snyrtiaðstöðu í þessu húsi; um aðstöðu til veitinga, um sjálfboðavinnu o. fl. og urðu Helgi og Atli helst fyrir svörum.

Atli Hraunfjörð upplýsti, að ungur maður byðist til að leggja fram vinnu við járn á húsinu.

Sjálfur kvaðst Atli bjóðast til að leggja fram málningarvinnu ókeypís.

Pétur Gíslason mælti á þessa leið: Þessi húsakaup eru ekki stefna, heldur stefnuleysi. Í bókum sínum kemur Helgi Pjeturss fram með ný vísindi og vísindamenn eiga að starfa að þessum málum. Starfsemi félagsins þarf að byggjast á stefnu vísindanna en ekki að fara að braska, eins og nú á að gera. Nóg er af slíkum félögum. En Helgi Pjeturss lagði grunninn að vísindastefnunni, hinni réttu stefnu. En trúarstefnurnar starfa ekki þannig. Við eigum að vinna í anda vísindanna og við eigum að tala við vísindamennina.

Víst er grundvöllur fyrir því að tala við vísindamennina. Væru þeir fengnir á okkar band, þá yrði festa í starfsemi félags okkar.

Pórarinn Helgason talaði á þessa leið. Er ekki óþarfi annað, en að hafa t. d. nefndarfundir hér á Álfrólsvogi. Ekki held ég að þurfi að kaupa hús í Reykjavík til þess að halda fundi.

Merkilegt finnst mér, ef í hinu nýja húsi á að geta farið fram merkilegri starfsemi, en sú sem fram hefur farið hér.

Ég held einnig, að viðgerðarkostnaður á þessu húsi á Grettisgötu 40 hljóti að verða óheyrilega hár, og miklu meiri, en enn hefur verið gert ráð fyrir.

Guðmundur Jónsson, Kópsvatni, mælti á þessa leið: Ýmsir hafa lagt fram fé til þessara húsakaupa. Ég vil spyrja: Er ekki til skrá yfir alla þá, sem lagt hafa fram fé og fjárloford? Þeir hafa áreiðanlega lagt þetta fram í góðum tilgangi og í fullu trausti þess, að vel megi til takast. Æskilegt væri, að birt yrði skrá yfir gefendur, en þó er ekki víst, að allir yrðu sammála um þá birtingu.

Talsverðar umræður urðu enn um þessi mál, þ. e. húsakaupin og annað því tilheyrandi, og sýndist sitt hverjum. Yrði af langt mál að tíunda hér allar orðræður sem fram fóru. En til máls tóku: Kristín Sigurðardóttir, Þorsteinn Guðjónsson, Pórarinn Helgason, Atli Hraunfjörð, Kjartan Norðdahl, Ingvar Agnarsson, Guðmundur Jónsson og Sveinn Haraldsson.

Helgi Guðlaugsson tók til máls og mælti á þessa leið: Umræður um húskaupin hafa mistekist í þetta sinn. Pórarinn Helgason spurði hvort þurft hefði að kaupa hús til nefndarfunda og félagsfunda. Það er að sjálfsögðu ekki. Húsið er hugsað sem starfstöð til kynningar og útbreyðslu þessa málefnis. — Um skrá yfir gefendur er það að segja, að ekki munu allir gefendur samþykkir því að nöfn þeirra verði birt. — Ég vil beina þeim orðum til þeirra, sem hér eru, að þeir geta fengið að skoða þetta hús,

## HÚSAKAUPA- OG LANDSÖLUMÁL

Af því sem fram hefur komið á fundum í Félagi Nýalssinna er ljóst, að umræður hafa verið um kaup á húsi í Reykjavík. Nú eru kaupin ráðin og gerð á húsi á Njálsgötu 40. Hús þetta er gamalt og hrörlegt, svo að ekki sé meira sagt. Nokkur ágreiningur hefur verið í Félagi Nýalssinna um kaup þessi og öflun peninga til þeirra. Í ljós hefur komið þrálát árátta sumra manna að selja land félagsins í Laugardal í fjáröflunarskyni vegna þessara kaupa. Land þetta er mjög verðmætt og gefið Félagi Nýalssinna af íslenskri konu í Kanada. Nú gerist það á fundi 5. október að samþykkt er heimild fyrir stjórnina að selja ½ ha úr landinu. Þetta tel ég engan veginn marktækt. Í fyrsta lagi vegna þess, að landið er óskipulagt til ráðstöfunar, hvort heldur er til sölu ellegar annarra nota. Í öðru lagi er hér um að ræða meira málefni en svo, að forsvaranlegt sé að heimila söluna án þess að auglýsa fundinn með dagskrá öllum félagsmönnum. Nýalsfélagar í Reykjavík og nágrennis eru ekki frekar eigendur landsins í Laugardal en þeir, sem búa í dreifbýli og þéttbýli annarsstaðar á landinu. Persónulega er ég á móti sölu á landinu — að minnsta kosti nema til meiri stórræða dragi en kaupa á smáhýsi í Reykjavík. Sala á landinu veður ekki tekjulind til frambúðar, aftur á móti má svo um búa að leiga skili árvissum tekjum. Um kauptilboð á ½ ha landsins, er svo smánarlegt að engu tali tekur.

Ég tel skylt að allir félagsmenn okkar, hvar sem þeir eiga heima fái að vita, hvernig málum horfir með húsið á Njálsgötu 40. Það er ekkert einkamál okkar Reykvíkinga. Helgi Guðlaugsson er höfuðforkólfur um kaupin á húsinu og annað er það varðar. Þess vegna beini ég til hans eftirfarandi:

1. Hver nauðsyn er Félagi Nýalssinna að kaupa húsið á Njálsgötu 40 og hvaða tilgangi á það að þjóna?
2. Hvað kostaði húsið, þegar kaupin voru gerð og hve miklu er búið að kosta til lagfæringar á því og hvað er búið að lagfæra?
3. Hvað á eftir að lagfæra mikið?
4. Hvað stór er gólfflötur jarðhæðar hússins?
5. Hvar er niðurkomin hin stórmannlega peningagjöf Helga Guðlaugssonar, sem klappað var fyrir á félagsfundum í aprílmánuði í vor?

*Pórarinn Helgason.*

## EFNISYFIRLIT:

Kúlulaga stjórnuþyrpingin N-13 í Herkúlesi. (Sjá for- síðumynd) I. A. ....	Bls.	38
---	------	----

### FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 4. maí 1977 .....	—	39
Félagsfundur 1. júní 1977 .....	—	41
Félagsfundur 6. júlí 1977 .....	—	46
Félagsfundur 7. september 1977 .....	—	49
Leiðrétting við fundargerð 3. nóvember 1976 Kj. Nd.	—	52
Bréf til félagsmanna G. Gr. o. fl. ....	—	53
Húsakaupa- og landsölumál P. H. ....	—	55

---

Stjörnusambandsstöðin, Álfrólsvégi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar  
kl. 9 e. h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.